

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa, Melsteds amtmanns, um tekju- og útgjaldaáætlun Íslands.

1857.

30. maí.

Eptir allraþegnsamlegastri uppástúngu dómsmálastjórnarinnar hefir Hans Hátign konunginum 27. þ. m. þóknazt allramildilegast að úrskurða: að fulltrúi konungs kveðji alþingi til að taka til ihugunar og segja álit sitt um, hversu að alþingi fyrst um sinn, þángað til fjárhagsfyrirkomulag Íslands er komið í kríng, geti gefizt kostur á að segja álit sitt um tekju- og útgjaldaáætlun Íslands, annaðhvort á þann hátt, að alþingi eitt sinn fyrir öll taki fjárhagsmálefnið til ítarlegustu yfirvegunar og meðferðar, eða á þann hátt, að málið sé reglulega lagt fyrir þingið á vissum tímamótum; og að alþingi skuli segja álit sitt um spurnínguna viðvíkjandi hluttekningu Íslands í útboði til herflota konungs, og sömuleiðis ef til þess kemur um það, hvernig koma skuli á slíkri tilhögun.

Þenna úrskurð konungs læt eg ekki hjá líða að skýra herra amtmanninum frá til þóknanlegrar vitundar og frekari ráðstafana samkvæmt honum, en eptirrit af framburðarskjali stjórnarráðsins til konungs þessu viðvíkjandi sendi eg herra amtmanninum til leiðbeiníngar.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um styrk til þess að skoða steinategundir í suður-umdæminu.

3. júní.

Beiðni þá, sem herra stiptamtmaðurinn sendi með bréfi 1. september f. á., hefir dómsmálastjórnin allraþegnsamlegast borið undir konúng, og hefir Hans Hátign allramildilegast þóknazt með úrskurði 1. þ. m. að skipa svo fyrir, að veita megi landlækni á Íslandi, Dr. J. Hjaltalín, og kennara við prestaskólann í Reykjavík, H. Árnasyni, hvorjum þeirra 150 rd. styrk til þess að skoða steina-tegundir í suður-umdæminu, af upphæð þeirri, sem í fjárhagslögunum er ætluð til ýmislegra og óvissra útgjalda fyrir Ísland, þó með því skilyrði, að þeir á